

**Sigurjóns Sigurðssonar og Inga Ú. Magnússonar  
minnst á Umferðarþingi 26. nóvember 2004**

Við upphaf þingfundar, föstudaginn 26. nóvember, minntist Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs tveggja nýlátinna manna sem tengdust umferðarsögunni sterkum böndum, með svofelldum orðum.

Sigurjón Sigurðsson fæddist þann 16. ágúst árið 1915 og lést þann 6. ágúst 2004. Hans var minnst á fundi í Umferðarráði þann 28. október s.l. og framlag hans til umferðarmála þar rakinn ítarlega. Sigurjón var lögreglustjóri í Reykjavík á árunum 1947 til 1985 og formaður Umferðarráðs frá stofnun þess árið 1969 til ársins 1983.

Ingi Ú. Magnússon fæddist þann 2. apríl 1921 og lést þann 16. nóvember 2004. Var útför hans gerð frá Dómkirkjunni í fyrradag. Ingi Ú. var gatnamálastjóri í Reykjavík á árunum 1965 til ársins 1991 og varð fyrstur manna til að gegna þeirri stöðu í Reykjavíkurborg.

Þingfulltrúar minntust þeirra félaga með því að rísa á fætur.